

AUGLÝSING

um umferð í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, er hér með bönnuð öll stöðvun og staða ökutækja á Suðurgötu, austan megin götunnar, frá Aðalgötu að Gránugötu.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 15. október 1966.

Eliás I. Eliásson.

REGLUR

fyrir bókasafn nemenda Menntaskólans á Akureyri.

1. gr.

Safnið heitir Bókasafn nemenda Menntaskólans á Akureyri. Það er eign skólans og stendur eins og aðrar eignir hans undir yfirumsjón skólameistara.

2. gr.

Tekjur safnsins eru tillag ríkissjóðs, eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni, og/eða önnur framlög frá ríkinu. Enn fremur árgjöld nemenda, sem aðalfundur skólafélagsins (Hugins) ákveður árlega.

3. gr.

Safninu stjórnar bóka-vörður, sem skólameistari ræður. Hann fer með yfirstjórn safnsins og ræður fjármálum þess og bóka-kaupum. Honum til aðstoðar er 5 manna nefnd nemenda, sem kosin er á aðalfundi Hugins árlega. Nefndin aðstoðar bóka-vörð við bóka-vörzlu og skrásetningu. Hún gerir tillögur um bóka-kaup og er honum til hjálpar eftir því sem þörf safnsins krefur. Bóka-vörður og bóka-safnsnefnd geta, að fengnu samþykki skólameistara, kvatt nemendur til vinnu við safnið, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Bóka-safnið er opið til útlána og lestrarsalur þess opinn til afnota fyrir nemendur skólans eftir því sem bóka-vörður og bóka-safnsnefnd ákveða í samráði við skólameistara.

Bóka-vörður og bóka-safnsnefnd hafa eftirlit með lestrarstofu, en geta skipað verði eftir þörfum. Bóka-vörður og skólameistari setja reglur um almenna umgengi í salarkynnum safnsins.

Menntamálaráðuneytið, 21. október 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.